

Hvolsskóli

Svava Björk Helgadóttir

formaður -

Auður Fr. Halldórsdóttir

Ólafur Elí Magnússon

Pálína Björk Jónsdóttir

og Maren Guðmundsdóttir

SJÁLFSMATSSKÝRSLA

Skólaárið 2015-2016

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur umbóta í skólastarfi.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2015-2018.....	3
Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta	4
2. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6., 8., og 10. bekkur	4
3. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 2. og 4. bekkur	6
4. Mat foreldra í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk á líðan barna sinna	7
5. Starfsmannakönnun, líðan, starfsaðstaða, samstarf o.fl.	9
6. Samræmd könnunarpróf haustið 2015.....	14
7. Skipulag kennslu á yngsta stigi	18
Stundatafla	18
Kennsluáætlanir	18
Námsver.....	19
Undirbúningur kennslunnar - Námsmat.....	19
Kennsluhættir - Náms- og kennslugögn	19
Samstarf við leikskóla.....	19
Agastjórnun	19
Samstarf við foreldra	20
Kennslurými	20
Hverjir eru styrkleikar stigsins?.....	20
Hvar liggja tækifærin?	21
8. Samstarf leik- og grunnskóla.....	21
9. Uppgjörsdagar að vori 2016	21
9.1. Námið – fyrir nemendurna.....	21
9.1.1. Að bjóða faglega kennslu og einstaklingsmiðað nám þar sem komið	21
er til móts við áhugasvið hvers einstaklings.	21
9.1.2. Að læsi í sem fjölbreyttastri mynd verði áherslumál á öllum stigum	22
skólagöngunnar.	22
9.1.3. Að námið byggji upp sterka sjálfsmynd nemenda og efla félagsfærni	22
þeirra.	22
9.1.4. Að skólar sveitarfélagsins séu án aðgreiningar, styðji við öll börn og	22
stuðli þannig að jöfnun tækifæra til framtíðar.	22
9.1.5. Að nám einkennist af þekkingaröflun, sköpun, verkþekkingu,	23
samfélagstengingu, tjáningu og sjálfbærni.	23
9.2. Faglegt starf og innviðir skólanna.....	23
9.2.1. Að skólastarfið einkennist af áherslu á jafnrétti, virðingu og víðsýni.	23
9.2.2. Að skólastarfið byggji á markvissri skólaþróun. Skólastarf er metnaðarfullt, bæði í faglegu tilliti og	24
varðandi mönnun og aðbúnað.	24
9.2.3. Að innra og ytra mat verði nýtt til markvissrar skólaþróunar og byggji þannig undir bættan árangur	24
nemenda og sterkt faglegt starf í skólum sveitarfélagsins.	24

9.2.4. Að aðbúnaður og starfsumhverfi sé gott bæði með þarfir barna og starfsfólks að leiðarljósi.	24
9.3. Skólarnir og nærsamfélagið	25
9.3.1. Að koma á aukinni samþættingu milli skólanna, heimila og annarrar starfsemi í samfélaginu.....	25
9.3.2. Að tryggja gott samstarf innan skóla í nærsamfélaginu.	25
9.3.3. Að skólastarf í sveitarfélaginu stuðli að andlegri og líkamlegri heilsueflingu.	26
9.4. Grenndar- og umhverfiskennsluskóli?	26
10. Úrbótaáætlun.....	26
10.1 Úrbætur unnar á skólaárinu 2015-2016	27
10.2 Úrbótaáætlun veturinn 2016-2017.....	28
Að lokum	30

Inngangur

Sjálfsmatshópur Hvolsskóla skólaárið 2015 – 2016 var skipaður Svövu Björk Helgadóttur formanni hópsins, Pálínu Björk Jónsdóttur, Ólafi Elí Magnússyni, Auði Friðgerði Halldórsdóttur og Sigurlaugu Maren Guðmundsdóttur. Fundað var eftir þörfum og gekk samstarf hópsins vel. Studdist hópurinn við skýrslur fyrri ára og ágætlega gekk að fylgja eftir þeirri áætlun sem gerð var fyrir þetta skólaár. Ekki var hægt að meta starfsmannahandbók skólans þar sem hún lá ekki fyrir.

Leitast er við að skipuleggja matið á þann hátt að allir þættir skólastarfsins verði metnir, annað hvort árlega eða með tveggja til þriggja ára millibili. Þegar spurningalistar hafa verið lagðir fyrir fær sjálfsmatshópurinn oft ábendingar um það sem betur má fara og í flestum tilfellum nýtti Sjálfsmatshópurinn sér betrubætta spurningalista frá fyrra ári. Í ár var keypt þjónusta frá Skólapúlsinum og sá það fyrirtæki um nemendakönnun í 6.-10. bekk og starfsmannakönnun. Tvær kannanir voru framkvæmdar í rýnihópum en það voru; skipulag náms á yngsta stigi og uppgjör á skólastarfi á vordögum, en þá var rýnt í starf vetrarins með hliðsjón af skólastefnu sveitarfélagsins.

Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að skólastarf sé metið reglulega og m.a. gengið úr skugga um að það uppfylli ramma laga og reglugerða. Einnig er gerð krafa til skólayfirvalda að aðferðir og niðurstöður mats á skólastarfi séu opinberar og öllum aðgengilegar.

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu.

Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta. Sjálfsmatsskýrslan verður kynnt fyrir fræðslunefnd og verður þar að auki sett á heimasíðu skólans en grunn gögn sem hún byggir á eru í vörslu formanns

1. Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2015-2018

2015-2016	2016-2017	2017-2018	tími
Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	September Spurningalistar á pappír <i>Allir nemendur</i>
Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	Samræmd próf í 4. og 7. bekk	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	September
Starfsmannahandbók Hvolsskóla	Námsvísar Hvolsskóla	Skólanámskrá Hvolsskóla Almennur hluti	Desember <i>Farið yfir hvort áherslur séu metnar í könnunum vetrarins</i>
Námskrá skólans Skipulag náms á yngsta stigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Námskrá skólans Skipulag náms á elsta stigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Námskrá skólans Skipulag náms á miðstigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Janúar <i>Rýnihópar</i>
	Mat starfsfólks utan stiga á líðan, starfsaðstöðu o.fl.		Febrúar Rýnihópur
6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	Sept-maí Skólapúls
Könnun í 2. og 4. bekk Mat nemenda á líðan í skóla	Könnun í 2. og 4. bekk Mat nemenda á líðan í skóla	Könnun í 2. og 4. bekk Mat nemenda á líðan í skóla	Janúar Myndræmir spurningalistar
Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	Janúar Spurningalisti frá sjálfsm.hóp
Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða, o.fl.	Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	Janúar Skólapúls
	Samræmd próf í 9. og 10. bekk		apríl
Samstarf við leikskólann	Samstarf við leikskólann	Samstarf við leikskólann	Maí Rýnihópur
Mat á skólaárinu 2015-2016	Mat á skólaárinu 2016 – 2017	Mat á skólaárinu 2017 – 2018	Maí Uppgjör, rýnihópar

með hliðsjón af skólafélaginu sveitarfélagsins	með hliðsjón af grunnþáttum menntunar	Með hliðsjón af „Skóla án aðgreiningar“, einstaklingsmiðunar	<i>Allt starfsfólk skólans</i>
--	---------------------------------------	--	--------------------------------

Niðurstöður þeirra kannanna sem lagðar voru fyrir verða raktar hér á eftir. Þeir þættir sem betur mega fara eru settir í ferli í skólanum þar sem leitast er við að færa þá til betri vegar. Niðurstöður ýmissa kannana hafa nú þegar verið notaðar til umbóta.

Verður hér gerð grein fyrir því helsta varðandi sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2015-2016.

Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta

2. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6., 8., og 10. bekkur

Matstæki: Rafræn könnun á vegum Skólapúlsins lögð fyrir með jöfnu millibili yfir veturinn, handahófskennt úrtak úr öllum nemendum úr 6.-10. bekk.

Munur upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Viðmið: að jákvæðar niðurstöður séu jafnar eða hærrí en meðaltal þeirra skóla sem nota Skólapúlsinn. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Taka verður þó fram að vegna þess hve skóla var slitið snemma náðist ekki nema 51% svarhlutfall í maí og er því tölfræðilega marktækur munur á samanburðarskólumnum, en það eru skólar sem eru með 1-320 nemendur í 1.-10.bekk. Þrátt fyrir að túlka beri niðurstöðurnar af varkárni þá liggja þær engu að síður til grundvallar í úrbótaáætlun vetrarins.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður:

- ➔ Nemendur Hvolsskóla hafa ánægju af lestri
 - Hvolsskóli 5,2 – Landið 5,1
- ➔ Nemendur í Hvolsskóla hafa ánægju af náttúrufræði
 - Hvolsskóli 5,3 – Landið 5,1
- ➔ 95% nemenda í Hvolsskóla telja sig hafa marga góða eiginleika
- ➔ 92% nemenda í Hvolsskóla eru hamingjusamir
- ➔ Dæmi um jákvæðar upplifanir nemenda:

- Félagslífið í skólanum mínum er gott og ekki mikið um einelti, allavega ekki sem maður sér. Kennararnir eru ágætir í flestum fögum.
- Félagsskapur og skemmtileg verkefni
- Góðir kennarar, frábær skóli, skemmtilegir krakkar í skólanum, góðir vinir.
- Skólinn er sanngjarn og góður og hugsar vel um sig eins og hann prófar sig áfram sem er frábært. Mér líður yfirleitt vel í honum
- Kennarar eru góðir, við þurfum ekki að koma með nesti við fáum ávexti í skólanum ☺
- Lítill skóli, notalegir bekkir, ekki mikið um einelti
- Mér finnst gott að fá heitan mat í hádeginu. Góðir krakkar og góðir kennarar í skólanum.
- Mér finnst gott hvað þau passa upp á að ekkert einelti eigi að vera.
- Áhugaverðir möguleikar í val tímum s.s. eitthvað fyrir alla. Íþróttatímarnir eru góðir og félagsskapurinn er nokkuð góður
- Ég þekki engann sem er lagður í slæmt einelti og það er auðvelt að eignast vini.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður:

- Nemendur í Hvolsskóla hafa litla trú á eigin námsgetu
 - Hvolsskóli 4,4 – Landið 5,1
- Nemendur í Hvolsskóla finnst þeir hafa litla stjórn á eigin lífi.
 - Hvolsskóli 4,3 – Landið 5
- Nemendum í Hvolsskóla líður ekki nógu vel
 - Hvolsskóli 4,2 – Landið 5
- Nemendur í Hvolsskóla telja sig verða fyrir einelti
 - Hvolsskóli 6,1 – Landið 5,1
- Tíðni eineltis í Hvolsskóla er hátt
 - Hvolsskóli 31% - Landið 13%
- Nemendur Hvolsskóla hreyfa sig frekar lítið
 - Hvolsskóli 53% - Landið 72%
- Nemendur í Hvolsskóla hafa síður gott viðhorf til skólans
 - Hvolsskóli 4,3 – Landið 5,1
- Nemendur í Hvolsskóla telja að ekki ríki agi í kennslutímum
 - Hvolsskóli 3,8 – Landið 5,1

- Nemendur í Hvolsskóla taka ekki virkan þátt í kennslustundum
 - Hvolsskóli 4,2 – Landið 5,2
- Nemendur telja heimavinnu ekki mikilvæga í náminu
 - Hvolsskóli 4,1 – Landið 5
- Dæmi um neikvæðar upplifanir nemenda:
 - Mötuneytið mætti vera betra og meiri kennsla fyrir tvítýngda
 - Sumir kennarar mættu læra gagnkvæma virðingu og hlusta á skoðanir okkar. Einnig mætti betur fara að kennarar myndu ræða við okkur á virðingalegum og málefnalegum nótum, þetta á við um nokkra kennara en ekki alla.
 - Kennarar mættu aðstoða mann meira og mættu líka útskýra hlutina betur og fara ekki hratt yfir námsefnið og minnka heimanám og verkefni.
 - Mætti vera meiri kennsla um kynfræðslu og lífsleikni.
 - Vantar að krakkar viti meira um þunglyndi og heimilisofbeldi og allt sem tengist þessu. Mig langar að vita hvað ég á að gera ef ég veit að einhver er að lenda í einhverju svoleiðis.
 - Heimanám of mikið
 - Það á að getuskipta nemendum í hópa, þeir sem hafa jákvætt viðhorf gagnvart námi og þeir sem leggja sig ekkert fram.

3. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 2. og 4. bekkur

Matstæki: Einföld könnun var lögð fyrir á pappíriformi í janúar 2016. Fimmtíu nemendur af fimmtíu og þremur svöruðu eða 94% nemenda.

Viðmið: Að sem flestum líði vel í skólanum. Ásætтанlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta. Niðurstöður sýndu að flestum líður vel eða nokkuð vel í skólanum.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- 90% nemenda líður vel/ágætlega í skólanum
- 94% nemenda líður vel/ágætlega í bekknum sínum og í frímínútum
- 88% nemenda líður vel/ágætlega þegar þau fara í skólann. Þó svo að viðmiðum sé náð þá eru það engu að síður 12% nemenda sem líður ekki vel þegar þau fara í skólann.
- 94% nemenda líður vel/ágætlega á leiðinni í skólann.

- ➔ 90% nemenda finnst rétt að hlýða kennurunum.
- ➔ 82% nemenda líkar maturinn vel/ágætlega. Þó svo viðmiðum sé náð er þessi þáttur í úrbótaáætlun og verður unnið frekar með á næsta ári. Boðið var upp á meira grænmeti með matnum en áður.
- ➔ 80% nemenda líður vel í matsalnum og hefur þá viðmiði verið náð. Þótt viðmiði hafi verið náð þá má ekki slaka á í þessum efnum.
- ➔ 90% nemenda líður vel/ágætlega í íþróttum og sundi
- ➔ 90% nemenda líður vel/ágætlega í búningasklefanum í íþróttahúsinu. Hækkar um 4% á milli ára en þó svo að viðmiðum sé náð þá eru það engu að síður 10% nemenda sem líður ekki vel í búningasklefanum í íþróttahúsinu. Skoða þennan lið nánar.
- ➔ 98 % nemenda líður vel/ágætlega í smiðjum. Lækkar um 2 %
- ➔ 98 % þeirra nemenda sem eru í skólabílum líður vel/ágætlega. Lækkar um 2%

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 50% nemenda segjast verða fyrir stríðni í skólanum. Þetta hefur hækkað um 8% frá því í fyrra. 8% nemenda segjast taka þátt í stríða öðrum.
- 12% nemenda sem líður ekki vel þegar þau fara í skólann. Skoða þarf þennan lið nánar og spyrja nánar um í nemendakönnun á næsta ári.
- 14% nemenda telur að ekki sé vinnufriður í bekknum og 58 % nemenda telur að það sé stundum vinnufriður. Einungis 28% nemenda telur að það sé vinnufriður í bekknum sínum. Það þarf að vera vakandi fyrir þeim þáttum sem orsaka hávaða og truflanir á vinnusvæðinu. Þessi þáttur þarf mikla úrbót.
- 25% nemenda telja kennara stundum eða aldrei koma vel fram við sig.
- 10% nemenda sem líður ekki vel í búningasklefanum í íþróttahúsinu. Hlutfallið lækkar um 4% frá því í fyrra. Í sjálfu sér eru niðurstöður jákvæðar en engum á að þurfa líða illa í búningasklefanum í skólanum og leita þarf leiða til að minnka þetta hlutfall enn frekar.
- 2 nemendur segjast ekki eiga vini í bekknum.

4. Mat foreldra í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk á líðan barna sinna

Könnun var lögð fyrir foreldra rafrænni könnun í mars 2016 og svöruðu 74 foreldrar.

Matstæki: Rafrænn spurningalisti sem sjálfsmatshópur samdi.

Viðmið: Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni eða einelti sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta. Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- ➡ 87,5 % foreldra svara að barninu þeirra líði vel/frekar vel í skólanum.
- ➡ 91 % telja Hvolsskóla hvetja nemendur til að skila góðum námsárangri alltaf/oftast.
- ➡ 80,5% foreldra taka alltaf/oftast virkan þátt í námi barnsins.
- ➡ 94% foreldra telja umsjónakennarann hafa góða/frekar góða yfirsýn yfir þarfir barnsins.
- ➡ 98,5% foreldra finnast þeir alltaf/oftast velkomnir í Hvolsskóla.
- ➡ 98,5% foreldra segja að samstarf sitt við skólann í tengslum við nám barnsins gangi vel/frekar vel.
- ➡ 97 % foreldra treysta starfsmönnum Hvolsskóla vel/frekar vel.
- ➡ 82,5% telja Hvolsskóla alltaf/oftast geta ráðið fram úr eineltismálum.
- ➡ 94% foreldra eru sammála/frekar sammála að starfsmenn skólan komi fram við barnið þeirra af virðingu.
- ➡ 91% foreldra eru sammála/frekar sammála um að Hvolsskóli njóti virðingar í samfélaginu.
- ➡ 100 % foreldra sem nýta skólabílinn eru ánægðir.
- ➡ 91,5 % foreldra sem nýta Skjólíð eru ánægðir.
- ➡ 100% foreldra sem nýta samfelluna í tómsтуда-og skólastarfi líkar vel/frekar vel.
- ➡ 85% foreldra líkar vel/frekar vel við styttingu skólaársins í 170 daga úr 180 dögum.
- ➡ 95 % foreldra líkar vel/ferkar vel við þriggja anna kerfið.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 22,5 % foreldra telja að þeir hafi sjaldan yfirsýn yfir nám barnsins síns.
- 21 % foreldra telja að barnið þeirra njóti sjaldan/vita ekki hvort það njóti faglegrar kennslu í skólanum eins og skólastefna sveitarfélagsins kveður á um.
- 29 % foreldra telja að sjaldan/aldrei/vita ekki, sé verið að miða við þarfir hvers og eins til að ná hámarksárangri eins og skólanámskrá Hvolsskóla kveður á um.
- 17 % foreldra vita ekki hvort barnið þeirra fái hvatningu í skólanum og 6 % telja að barnið þeirra fái ekki hvatningu í skólanum.
- 15 % foreldra segja að barnið þeirra hafi orðið fyrir einelti í vetur. 9 % foreldra vita ekki hvort barnið þeirra hefur orðið fyrir einelti í vetur. Þessu vísað til

skólastjórnenda og eineltisteymis. En þessar staðhæfingar birtast ekki í tilkynningum um einelti.

- 18 % foreldra vita ekki hvort barn þeirra leggi aðra í einelti en 3 % segja að barnið þeirra hafi tekið þátt í að leggja í einelti í vetur.
- 23% foreldra telja að það sé sjaldan/aldrei vinnufriður í bekk barnsins. Sjá úrbótaáætlun.
- 56 % foreldra hafa kynnt sér aðgerðaráætlun Hvolsskóla gegn einelti. Hvetja þarf foreldra til að skoða heimasíðuna og kynna sér aðgerðaráætlunina. Nauðsynlegt er fyrir alla að vita hvernig bregðast skuli við þegar grunur um einelti kemur upp og nauðsynlegt er að umsjónarkennarar ræði þessi mál við foreldra í viðtölum.
- 41% foreldra barna sem nýta sé mötuneyti skólans eru ekki ánægðir með mötuneyti Hvolsskóla.

Hvað vilt þú að einkenni skólastarf í sveitarfélaginu í framtíðinni

- ❖ Metnaður, virðing og umhverfisvitund séu efl.
- ❖ Jákvæðni.
- ❖ Samvinna, samheldni, metnaður, góð næring á líkama og sál.
- ❖ Fagmennska, tillitsemi og einstaklingsmiðað nám.
- ❖ Hvatning og væntingar til allra einstaklinga á sínum forsendum.
- ❖ Að styrkja einstaklingana og hvetja til árangurs.
- ❖ Agi og reglur. Sveigjanlegt námsmat.

Er eitthvað í skólanum sem þú ert sérstaklega ánægð/ur eða óánægð/ur með?

- ❖ Sérstaklega ánægður með þann metnað, umhyggju og það góða andrúmsloft sem ríkir í skólanum, það hefur mjög jákvæð áhrif á nemendurna.
- ❖ Nemendum virðist líða vel í skólanum og fá að blómstra sem einstaklingar.
- ❖ Það ætti að taka betur á agamálum og skapa betri vinnufrið.
- ❖ Óánægð með mötuneyti. Of mikið af brösuðum mat.

5. Starfsmannakönnun, líðan, starfsaðstaða, samstarf o.fl.

Matstæki: Rafræn könnun á vegum Skólaláttvæðingarsins lögð fyrir í mars 2016.

46 af 57 starfsmönnum skólans svöruðu könnuninni eða 80,7 % .

Viðmið: að jákvæðar niðurstöður séu jafnar eða hærrí en meðaltal þeirra skóla sem nota Skólapúlsinn og eru sambærilegir að stærð, með 1-320 nemendur í 1.-10.bekk. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2.

Munur upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- ➔ Starfsánægja í skólanum er metin með því að spyrja starfsfólk sjö spurninga um tilgang starfs, líðan, frumkvæði, starfsöryggi og framtíð í starfi.
 - Starfsánægja í Hvolsskóla er 5,3 – landið allt er 5,1
- ➔ Gæði stjórnunar skólans eru metin með því að spyrja starfsfólk sex spurninga um yfirmenn, hrós, hvatningu, traust, samskipti, ágreiningsmál og stjórnun almennt.
 - Gæði stjórnunar í Hvolsskóla er 5,5 – landið allt er 5
- ➔ Upplýsingastreymi innan skólans er metið með því að spyrja starfsfólk fjögurra spurninga um flæði upplýsinga, stefnumótun og þjálfun nýliða.
 - Gæði upplýsingastreymis í Hvolsskóla er 4,7 – landið allt er 4,7
- ➔ Starfsaðstaða í skólanum er metin með því að spyrja starfsfólk fjögurra spurninga um aðstöðu, sveigjanleika og álag í starfi.
 - Gæði starfsaðstöðu í skólanum er 5,6 – landið allt er 4,6
- ➔ Ánægja með kennarastarfið er metin með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um viðhorf þeirra til starfsins.
 - Ánægja með kennarastarfið í Hvolsskóla er 5,4 – landið allt er 4,8
- ➔ Upplýsingamiðlun til foreldra er metin með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um tíðni samskipti við foreldra um námsárangur, hegðun og líðan nemenda.
 - Upplýsingamiðlun til foreldra í Hvolsskóla er 5,1 – landið allt er 5
- ➔ Hlutfall kennara sem kenna öllum bekknum í einu alltaf eða næstum alltaf
 - Hlutfall í Hvolsskóla er 24% - landið allt er 47%.
- ➔ Hlutfall kennara sem nota einstaklingsmiðaða kennslu alltaf eða næstum alltaf
 - Hlutfall í Hvolsskóla 52% - landið allt er 46,1%.
- ➔ Hlutfall kennara sem leggja mikla áherslu á að fylgjast með framförum nemenda með hefðbundnum prófum, samræmdum prófum eða stöðluðu mati.
 - Áhersla kennara við Hvolsskóla er 16% - landið allt er 21,8%.

- ➔ Hlutfall kennara sem leggja mikla áherslu á að fylgjast með framförum nemenda með faglegu mati, jafningjamati, leiðsagnarmati, sjálfsmati nemenda, mati frá foreldrum og öðrum aðferðum sem ekki eru próf.
- ➔ Áhersla í Hvolsskóla 84% - landið allt 74,2%.
- ➔ Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika er metinn með því að spyrja kennara þriggja spurninga um aðgang kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofunnar og aðgang að ráðgjöf sérfræðinga.
- ➔ Í Hvolsskóla 5,3 – landið allt 4,7.
- ➔ Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda er metinn með því að spyrja kennara þriggja spurninga um aðgang kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofunnar og aðgang að ráðgjöf sérfræðinga.
 - Í Hvolsskóla 5,1 – landið allt 4,8.
- ➔ Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara er metinn með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um ráðgjöf, virkni, hvatningu og frumkvæði skólastjóra ís amskiptum við kennara um starfið.
 - Faglegur stuðningur skólastjóra í Hvolsskóla er 6 – landið allt er 4,9.
- ➔ Samvinna um kennslu er metin með því að spyrja kennara þriggja spurninga um tengingu námsgreina, samstarf milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra kennara.
 - Samvinna um kennslu í Hvolsskóla er 5,3 – landið allt er 5,1.
- ➔ Valddreifing við ákvarðanatöku innan skólans er metin með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um þátttöku starfsfólks í umræðum og ákvörðunum og lýðræðislega dreifingu valds.
 - Valddreifing við ákvarðanatöku í Hvolsskóla er 5 – landið allt er 4,6.
- ➔ Vinnuaðstæður eru metnar með því að spyrja kennara þriggja spurninga um aðstöðuna og aðgengi að búnaði og kennsluefni.
 - Í Hvolsskóla 5,3 – landið allt 5,1.
- ➔ Birt er hlutfall kennara sem fá mat og endurgjöf árlega eða oftár frá skólastjórnendum, frá öðrum kennurum eða frá utanaðkomandi aðilum.
 - Í Hvolsskóla 80,8% - landið allt 62,3%.
- ➔ Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara.
- ➔ Hlutfall kennara við Hvolsskóla sem telja mat og endurgjöf frá stjórnendum hæfilegt 66,7% - landið allt 46,2%.

- Hlutfall kennara sem eru sammála því að mat/endurgjöf við skólann hafi verið sanngjarnt.
 - Í Hvolsskóla 100% - landið allt 90,4%.
- Hlutfall kennara sem eru sammála því að mat/endurgjöf við skólann hafi gagnast til að bæta starfið.
 - Í Hvolsskóla 100% - landið allt 87,5%.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- Starfsandi innan skólans er metinn með því að spyrja starfsfólk fimm spurninga um starfsanda, samvinnu, jafnræði, ímynd og móttöku nýliða.
 - Starfsandi í Hvolsskóla er 4,6 – landið allt er 5,0
- Trú kennara á eigin getu er metin með því að spyrja kennara fjögurra spurninga þar sem þeir eru beðnir að meta færni, árangur og samskipti þeirra sjálfra og annarra kennara við skólann.
 - Trú kennara á eigin getu í Hvolsskóla er 4,2 – landið allt er 4,8.
- Meðaltími sem kennarar ætlast til að nemendur verji í heimavinnu á viku.
 - Heimavinna í Hvolsskóla er 51,9 mín – landið allt er 45,6 mín.
- Hlutfall kennara sem undirbúa kennslu aðallega eða eingöngu í skólanum.
 - Hlutfall kennara við Hvolsskóla sem undirbúa kennsluna í skólanum er 57,7% - landið allt er 69,9%
- Hlutfall kennara sem raða í hópa í kennslustundum næstum alltaf eða alltaf, ýmist eftir getu eða með blandaða getu í hverjum hópi.
 - Í Hvolsskóla 25% - landið allt 28,7%.
- Hlutfall kennara sem láta nemendur vinna sjálfstætt alltaf eða næstum alltaf, ýmist með markmið sem sett eru fyrir eða með eigin markmið.
 - Í Hvolsskóla 40% - landið allt 31,2%
- Samráð um kennslu er metið með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um samræður við aðra kennara um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundi, matsaðferðir og námsframvindu nemenda.
 - Í Hvolsskóla mælist samráð um kennslu 4,6 – landið allt mælist 5,1
- Virk samvinna um skólaþróun og umbætur er metin með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um samskipti starfsfólks um aukna þekkingu, mikilvægi skólaþróunar, frumkvæði að endurmenntun, lausnir á mismunandi þörfum nemenda, úrbætur á náminu og tækifæri til að miðla reynslu.

- Í Hvolsskóla mælist virk samvinna um skólaþróun og umbætur 4,2 – landið allt 4,7.
- Dagar sem kennarar sóttu símenntun síðastliðna tólf mánuði (meðalfjöldi daga/kennara)
 - Í Hvolsskóla 13,4 dagar – landið allt 13,6 dagar.
- Símenntunarbörf kennara er metin með því að spyrja kennara um þörf þeirra fyrir aukna þekkingu og færni á ellefu sviðum: Aðalnámskrá, námsmat, skipulagningu kennslustunda, aðalnámsgrein þeirra, nýjungar í kennslufræði, upplýsinga og samskiptatækni, nemendur með sérþarfir, hegðunar- og agamál, fjölmenningarumhverfi, ráðgjöf til nemenda og foreldrasamstarf.
 - Símenntunarbörf í Hvolsskóla er 6 – landið allt er 5,4.
- Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði
 - Í Hvolsskóla 50% - landið allt 58,8%.

Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst sérstaklega gott við skólann:

- ❖ Almennur aðbúnaður góður, gott aðgengi að íþrótt- og sundaðstöðu, bókasafni og tónlistarskóla.
- ❖ Starfsmenn almennt jákvæðir og góður starfsandi.
- ❖ Ávextir og hafragrautur.
- ❖ Frjálssræði og tækifæri til skapandi kennsluhátta.
- ❖ Fólk er tilbúið að ræða málin, gefa góð ráð og sýnir samstöðu.
- ❖ Gott aðgengi að stjórnendum og hægt að ræða við þá það sem manni liggur á hjarta.
- ❖ Góður nemendahópur og góð mönnun í bekkjum.
- ❖ Mikil og góð samskipti milli nemenda og starfsfólks.
- ❖ Tekið á málum af sanngirni, léttur andi í skólanum.
- ❖ Vel stjórnað, gott starfsfólk, góð mönnun og nokkuð góður andi.

Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst slæmt eða megi betur fara í skólanum:

- ❖ Upplýsingaflæði innan skólans.
- ❖ Kennslurými of lítið, litlir möguleikar á að taka hópa út og vinna með þeim.
- ❖ Tölvur of fáar og hægfara.
- ❖ Bjóða uppá meira val.
- ❖ Opið rými milli kennslustofa
- ❖ Bæta starfsandann
- ❖ Sérkennsla og Námsver.

- ❖ Meta hvort ekki séu allir að fara eftir stefnu og gildum skólans.
- ❖ Móttaka nýrra starfsmanna
- ❖ Skjólið inná rými yngsta stigs.
- ❖ Gæta betur að nærgætni og sanngirni í skólanum.
- ❖ Auka úrræði vegna hegðunarvandamála nemenda.

Unnið verður áfram með ábendingar þær sem komið hafa fram og er vísað til skólastjórnenda.

6. Samræmd könnunarpróf haustið 2015

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk í september eins og í öðrum grunnskólum á landinu. Prófað var í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk en í íslensku, stærðfræði og ensku í 10. bekk.

Matstæki: Próf send frá Námsmatsstofnun.

Viðmið: Að árangur nemenda Hvolsskóla sé yfir meðaltali á Suðurlandi og nái helst meðaltali fyrir landið allt í öllum greinum.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Mest er unnið með niðurstöður einstaklingslega. Skipulag kennslu í skólanum er vel til þess fallið þegar um er að ræða kennslu í fámennum hópum og með góða mönnun.

Hér á eftir verða sýndar meðaleinkunnir alls landsins, Suðurkjördæmis og meðaltöl Hvolsskóla.

4. bekkur: Í ár eru 27 nemendur í fjórða bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 25 íslensku – prófið eða 92,6%. Undanþágu höfðu 7,4% nemenda, þ.e. 2 nemendur. 25 tók stærðfræðiprófið eða 92,6%. Undanþágu höfðu 7,4% nemenda, þ.e. 2 nemendur.

Landsmeðaltal í íslensku er 5,7 og í stærðfræði er það 6,6

Suðurkjördæmis meðaltal í íslensku var 5,5 og í stærðfræði 6,5.

- Meðaltal Hvolsskóla í íslensku er 5,5 Hvolsskóli náði ekki viðmiðum sínum í íslensku fyrir landsmeðaltal en er jafn suðurkjördæmi í samræmdum prófum í 4. bekk. Mikilvægt er að vinna áfram með einstaka þætti íslenskuprófsins til frekari framfara.
- ➔ Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði er 6,69 Hvolsskóli náði viðmiðum sínum í stærðfræði í landsmeðaltali og suðurkjördæmis meðaltali og náði þar með viðmiðum sínum í 4. bekk. Engu að síður mikilvægt að vinna með einstaka þætti stærðfræðiprófsins til frekari framfara.

7. bekkur; Í ár eru 26 nemendur í sjöunda bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 23 íslenskuprófið eða 88,46%. Undanþágu höfðu 7,69% nemenda, þ.e. 2 nemendur og fjarverandi voru 3,84% nemenda, þ.e. 1 nemandi.

23 nemendur tóku stærðfræðiprófið eða 88,46%. Undanþágu höfðu 7,69% nemenda, þ.e. 2 nemendur og fjarverandi voru 3,84% nemenda, þ.e. 1 nemandi.

Landsmeðaltal er 6,0 í íslensku og 6,4 í stærðfræði

Suðurkjördæmis meðaltal í íslensku var 5,8 og í stærðfræði 6,3

- Meðaltal Hvolsskóla í íslensku var 5,12. Hvolsskóli náði þar með ekki viðmiðum sínum í íslensku í samræmdum prófum í 7. bekk. Mikilvægt er að vinna áfram með einstaka þætti stærðfræðiprófsins til frekari framfara.
- Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði var 5,48. Hvolsskóli náði þar með ekki viðmiðum sínum í stærðfræði í samræmdum prófum í 7. bekk. Mikilvægt er að vinna áfram með einstaka þætti stærðfræðiprófsins til frekari framfara.

10. bekkur; Haustið 2013 voru niðurstöður í samræmdu prófi í stærðfræði 10. bekkjar settar fram með nýjum einkunnakvarða og haustið 2015 eru niðurstöður úr íslensku, stærðfræði og ensku settar fram með sama hætti. Gefnar eru því hæfniseinkunnir í bókstöfum, A, B, C, og D og að baki bókstöfunum standa lýsingar á hæfni nemanda í Aðalnámskrá og á vefsíðu Námsmatsstofnunar. Við gerð hæfniseinkunnar er stuðst við einfaldar lýsingar á hæfni nemanda sem eru við mörk þeirra hæfnisflokka sem Aðalnámskrá skilgreinir. Í sept. 2015 voru svo gerðar viðbætur þar sem bætt var inn hæfniseinkunnunum B+ og C+ við námsmatskvarðann.

Þær einkunnir lýsa hæfni nemenda sem náð hafa að hluta til viðmiðum sem lýst er í aðalnámskránni. Ekki eru útbúin ný matsviðmið heldur er einkunnin B+ notuð þegar hæfni nemenda er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B, þ.e. nemandi hefur náð öllum viðmiðum einkunnarinnar B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A. Sama á við um einkunnina C+. Þar hefur nemandi náð að hluta til þeim viðmiðum sem einkunnin B kveður á um en öllum viðmiðum einkunnarinnar C.

Námsmatskvarði

A. Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi.

B+

B. Góð hæfni og frammistaða í námi.

C+

C. Sæmileg hæfni og frammistaða í námi.

D. Hæfni og frammistaða í námi ábótavant.

Í ár eru 33 nemendur í tíunda bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 32 íslenskuprófið eða 96,96%. Undanþágu höfðu 3,125% nemenda, þ.e. 1 nemandi.

30 nemendur af 33 tóku stærðfræðiprófið eða 90,9%. Undanþágu höfðu 3,125% nemenda, þ.e. 1 nemandi og fjarverandi voru 6,25% nemenda, þ.e. 2 nemendur.

32 nemendur af 33 tóku enskuprófið eða 96,96%. Undanþágu höfðu 3,125% nemenda, þ.e. 1 nemandi.

Hlutfall einkunna útgefið af Námsmatsstofnun fyrir árið 2015

Hlutföll hæfniseinkunna í íslensku fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir að að A fái 7,8% nemenda, B+ fái 5,1%, B fái 45,2%, C+ fái 9,8%, C fái 23,9%, og D fái 1,7%.

Hlutföll hæfniseinkunna í stærðfræði fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir að að A fái 7,2% nemenda, B+ fái 5,9%, B fái 44,9%, C+ fái 7,5%, C fái 21,1%, og D fái 3,2%.

Hlutföll hæfniseinkunna í ensku fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir að A fái 8,1% nemenda, B+ fái 6,3%, B fái 48,7%, C+ fái 9,8%, C fái 23,9%, og D fái 1,7%.

Hæfniseinkunnir í **íslensku** fyrir landið voru að A fengu 7,8%, B+ fengu 5,1%, B fengu 45,2%, C+ fengu 9,8%, C fengu 23,9%, D fengu 8,3% og fjarverandi voru 6,4%.

Hæfniseinkunnir í **íslensku** fyrir Suðurkjördæmi voru að A fengu 4%, B+ fengu 2,5%, B fengu 39,1%, C+ fengu 10,9%, C fengu 30,1%, D fengu 13,3% og fjarverandi voru 5,8%

- ➔ Meðaltal Hvolsskóla í íslensku er að A fengu 9,09% nemenda, þ.e. 3 nem., B+ fengu 0% nem., þ.e. 0 nem., B fengu 39,39% nemenda þ.e. 13 nem., C+ fengu 9,09% þ.e. 3 nem., C fengu 33,33% nemenda þ.e. 11 nem., D fengu 6,06% nemenda þ.e. 2 nemenda, **sjá mynd 1.**

	Hvolsskóli %	Suðurland %	Landið %
A	9,09	4	7,8
B+	0	2,5	5,1
B	39,39	39,1	45,2
C+	9,09	10,9	9,8
C	33,33	30,1	23,9
D	6,06	13,3	8,3

Mynd 1

Hæfniseinkunnir í stærðfræði fyrir landið voru að A fengu 7,2%, B+ fengu 5,9%, B+ fengu 44,9%, C+ fengu 8,5%, C fengu 21,6%, D fengu 12,1% og fjarverandi voru 6%. Hæfniseinkunnir í stærðfræði fyrir Suðurkjördæmi voru að A fengu 3,5%, B+ fengu 2,4%, B fengu 37,3%, C+ fengu 8,3%, C fengu 29,7%, D fengu 18,9% og fjarverandi voru 6%

- ➔ Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði er að A fengu 3,23% nemenda, þ.e. 1 nem., B+ fengu 3,23% þ.e. 1 nem., B fengu 45,16% nemenda, þ.e. 14 nem. C+ fengu 12,9% nem. þ.e. 4 nem. C fengu 29,03% nemenda, þ.e. 9 nem. D fengu 6,45% nemenda, þ.e. 2 nemenda, **sjá mynd 2.**

	Hvolsskóli %	Suðurland %	Landið %
A	3,23	3,5	7,2
B+	3,23	2,4	5,9
B	45,16	37,3	44,9
C+	12,9	8,3	8,5
C	29,03	29,7	21,6
D	6,45	18,9	12,1

Mynd 2

Hæfniseinkunnir í ensku fyrir landið voru að A fengu 8,1%, B+ fengu 6,3%, B fengu 48,7% C+ fengu 7,5%, C fengu 21,1%, D fengu 8,4% og fjarverandi voru 5,9%.

Hæfniseinkunnir í ensku fyrir Suðurkjördæmi voru að A fengu 4,2%, B+ fengu 5,9%, B fengu 43,5%, C+ fengu 8,6%, C fengu 26,8%, D fengu 11,1% og fjarverandi voru 4,2%.

- ➔ Meðaltal Hvolsskóla í ensku er að A fengu 6,06 % nemenda þ.e. 2 nem., B+ fengu 0% þ.e. 0 nem. B fengu 42,42% þ.e. 14 nem. C+ fengu 3,03% nem. þ.e. 1 nem. C fengu 39,39% nem., þ.e. 13 nem., D fengu 9,09% nem., þ.e. 3 nemendur, **sjá mynd 3.**

	Hvolsskóli	Suðurland	Landið
A	6,06	4,2	8,1
B+	0	5,9	6,3
B	42,42	43,5	48,7
C+	3,03	8,6	7,5
C	39,39	26,8	21,1
D	9,09	11,1	8,4

Mynd 3

7. Skipulag kennslu á yngsta stigi

Tveir fundir voru haldnir með starfsfólki á miðstigi þar sem rýnt var í skipulag kennslu, aðstæður og aðra þætti sem varða stigið. Til grundvallar lá umræður milli sem unninn var af sjálfsmatshópnum en formaður hópsins stjórnaði umræðum. Umræður og niðurstöður af fundunum voru ritaðar niður og dregnar saman í ákveðna þætti sem hér fylgja.

Stundatafla

Talsverð umræða var um útikennsluna. Það þarf að gera hana markvissari og búa til heilstæða kennsluáætlun fyrir stigið þar sem skipulagt er hvað er tekið fyrir í hverjum bekk og hafa skýr markmið og samfellu í námið. Upplagt væri að nota skipulagsdag í það verkefni.

Frímínúturnar milli 13:10 og 13:20 á þriðjudögum eru tilgangslitlar og búa til meira vesen en þær leysa. Það vantar fimmtu smiðjuna fyrir 1. og 2. bekk en þau fá ekki leiklistar og heimspekismiðjur.

Nokkuð ber á því að yngri börnin eru lengi á milli bekkjarstofu og íþróttahúss eða tónlistarskóla en fimm mínútur af hvorum tíma hafa verið ætlaðar í þær milliferðir. Þær geta þó verið dýrmætar þegar safnast saman yfir langan tíma og verða því börnin af því kennslumagni sem áætlað er í þær greinar.

Kennsluáætlanir

Gerðar eru kennsluáætlanir fyrir alla bekkina en auk þess eru gerðar hópáætlanir fyrir einstaka hópa sem og einstaklingsnámskrár. Kennsluáætlanir eru í sífellri endurskoðun og ánægja með þriggja anna kerfið þar sem markmið eru í stöðugri uppfærslu. Rætt um að láta ekki kennslubækurnar stýra kennslunni en sárlega vantar hljóðdempun á stigið því ekki er hægt að nota fjölbreyttar kennsluáðferðir s.s. fara í hreyfileiki, syngja eða slíkt því fjör í einu horni rýmisins hefur truflandi áhrif á aðra kennslu á stiginu.

Námsver

Námsverið er mjög vel nýtt og það væri þörf á öðru slíku á stiginu fyrir vinnu með litla hópa. Mesta þúðrið fer í agavandamálin og svo koma þeir sem þurfa meiri aðstoð í námi. Kallað eftir meiri sérkennslu á stigið.

Undirbúningur kennslunnar - Námsmat

Ánægja með námsmat þrisvar yfir árið. Í þriðja bekk voru skimanir allar gerðar á vorönninni og það setti ákveðna streitu í starfið. Spurning um að hafa prófin styttri og hnitmiðaðri. Umræður urðu um að fara að taka upp nýtt námsmat og var sérstaklega horft til lykilhæfninnar. Í Skjattanum eru reitir fyrir persónuleg og námsleg markmið og þetta virkaði vel fyrir suma en ekki vannst tími til að vinna það með öllum.

Kennsluhættir - Náms- og kennslugögn

Á stiginu er kennt í hringekjuformi alla daga en einnig er unnið í tölvum og spjaldtölvum. Utan þess er aðallega unnið einstaklingslega og lítið í hópa- og paravinnu. Í stærðfræði stýra bækurnar mestu en einnig fara 2. og 3. bekkur í stærðfræðikennslu í leiki þrautir. Í íslensku er líflæg vinna og oft notuð verkefni á netinu. Verið er að endurskipuleggja lestrarbækurnar og þyrfti að hressa upp á safnið með nýjum bókum. Hugmynd kom fram um að búa til sérstakar hillur undir hverja námsgrein fyrir sig þar sem hægt er að setja námsefni sem kennarar hafa búið til þannig að það sé aðgengilegt fyrir fleiri.

Samstarf við leikskóla

Lengi hefur verið rætt um að auka gagnkvæma innsýn í starfshætti milli leikskóla og grunnskóla. Koma þarf á málstofu eða samtali milli kennara yngsta stigs og leikskólans. Tryggja þarf heimsóknir 1. bekkjar í leikskólann en þær voru af skornum skammti s.l. vetur.

Agastjórnun

Almennt er samband milli starfsfólks og nemenda gott en mikilvægt er að halda ákveðnum ramma um leið og börnin fá hlýju því þau þurfa á því að halda. Það gengur misvel að halda uppi aga, einn daginn gengur vel en næsta dag gengur illa. Þegar árekstrar koma upp á milli nemenda eru þau tekin á sáttaborðið og þau kalla eftir því sjálf (UTÁ).

Félagsleg hæfni nemenda er almennt nokkuð góð og þau virðast hafa sambærileg viðmið varðandi hegðun og framkomu. Einnig hvað varðar að setja sér og öðrum mörk og að geta sett sig í annarra manna spor. Þau viðurkenna mistök, ræða þau og læra af þeim um leið og þau bera höfuðið hátt. Mikilvægt er að nýta áhrif kennara á yngsta stigi til félagsmótunar og viðhorfa þannig að það sé komin nokkuð góð sjálfsmynd áður en aukin félagsmótun á sér stað sem gerist þegar þau eldast. Hugmynd kom fram um að senda foreldrum fróðleiksmola heim varðandi ARTið eins og verkefnastjóri skólans hefur verið að senda til starfsfólks.

Vart verður við hópamyndanir í bekkjunum en það eru þá innan bekkjanna sjálfra. Það myndast ákveðin elíta sem hinir setja á ákveðinn stall og þau hafa meiri áhrif en aðrir. Þegar þau koma úr leikskólanum eru þessar elítur búnar að myndast.

Hugmynd kom fram um að fá 10. bekkinga til að koma út í frímínútur og vera með samstarfsverkefni eða leiki í útiverunni.

Samstarf við foreldra

Gott samstarf er við foreldra nemenda á stiginu. Það væri gaman ef foreldrar sæju sér fært að koma og kíkja á starfið, einnig að koma þegar ekkert er að. Sendur er föstudagspóstur í öllum bekkjum.

Kennslurými

Setja þarf upp vegg, fá aukastofur og færa Skjólið í annað rými, helst þyrfti það sitt eigið svæði. Segja má að Skjólið sé ákveðin lendingarstöð fyrir samfelluna og því þyrfti það að vera í rými þar sem gott er að halda utan um hópinn. Eins er það með verkefni og efni sem notað er, t.d. föndurefni þar sem alltaf þarf að taka allt saman og færa í geymslur. Rætt var um hvort æskilegt sé að börn í 1. og 2. bekk ættu að vera í Skjóli eftir kl. 3 á daginn þar sem dagurinn er orðinn afar langur fyrir ung börn.

Hverjir eru styrkleikar stigsins?

Helstu styrkleikar stigsins eru að góð samvinna er milli aðila, jákvæðni, gott viðhorf, samstaða og starfsfólk á gott bakland hjá hvert öðru. Faglegir og lausnamiðaðir starfsmenn. Haldnir eru viðburðir sem allir taka þátt í.

Hvar liggja tækifærin?

Kallað er eftir samræmingu í náttúrufræðinni/útikennslunni. Samræma þarf námslýsingar og gera námið að einni samfellu frá 1.-4. bekk. Gera þarf fögum jafnhátt undir höfði og ekki láta t.d. ARTið falla niður þó svo að álagstímar séu í öðrum greinum. Koma á samræðufundi milli yngsta stigs og Skjólans varðandi einstaka nemendur. Það væri gott að það væri einn stjórnandi inni á stiginu og finnst fólki að það vanti tengsl milli stjórnunar og stigsins.

8. Samstarf leik- og grunnskóla

Að þessu sinni náðist ekki að skoða samstarf leik- og grunnskóla. Síðustu ár hefur verið kallað eftir samtali milli þessara tveggja skólastiga og mun verða komið á málstofu þar sem starfsfólk leikskólans og yngsta stigs veita innsýn í starfshætti sína og möguleikar ræddir um þróun starfsins.

9. Uppgjörsdagar að vori 2016

Á uppgjörstigi þann 31. maí var öllum starfsmönnum skipt niður í sex hópa, eða tvo hópa á hverju stigi fyrir sig. Að þessu sinni fengu hóparnir lista sem með umræðuefni og spurningum sem byggðist á skólastefnu sveitarfélagsins. Hóparnir rýndu í vetrarstarfið með markmið skólastefnunnar í huga og eru niðurstöður dregnar saman í eftirfarandi þætti.

9.1. Námið – fyrir nemendurna

9.1.1. Að bjóða faglega kennslu og einstaklingsmiðað nám þar sem komið er til móts við áhugasvið hvers einstaklings.

Leggjum okkur fram um að nemendur fái faglega kennslu en það getur reynst erfitt þegar mikið er um forföll kennara. Lykilatriði er þá að kennsluáætlanir séu vel unnar og settar inn á heimasíðu skólans þannig að forfallakennari geti komið inn án hnökra.

Verið er að nota viðeigandi námsefni, kennsluáðferðir og námsgögn. Námsmat er framkvæmt reglulega og með því er gengið úr skugga um að nemendur hafi tileinkað sér kennsluefnið. Almenn er verið að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðun hjá nemendum en taka þarf mið af þörfum, áhuga og getu nemenda.

Stundum eru hópar of stórir eða þannig skipaðir að erfitt getur verið að veita einstaklingsmiðaða kennslu og oft getur verið snúið að breyta hópum þegar kennsluár er hafið. Þegar raðað er í hóp þarf að taka tillit til þeirra einstaklinga sem í hópinn fara og ekki

setja nemendur með náms- og hegðunarerfiðleika alla í sama hóp. Vel gengur þegar bekkjum er skipt upp til helminga og eins skiptir uppröðun í stofu líka máli þegar hægt er að leggja inn námsefni eða nýja færni í litlum hóp.

Útikennsla á miðstigi var ekki virk og vænlegt til árangurs er að virkja þá starfsmenn sem hafa áhuga á þess konar kennsluformi. Þemadagar að haust og vori eru vel nýttir í útikennslu og oft nýta kennarar tækifærið þegar gott er veður, að fara þá út í önnur verkefni.

9.1.2. Að læsi í sem fjölbreyttastri mynd verði áherslumál á öllum stigum skólagöngunnar.

Lestrarstundir eru yfirleitt vel nýttar og mikilvægt að halda þeim inni. Skoða með að nýta hljóðbækur í einhverjum tilvikum í þessum stundum. Einnig lesskilningsverkefni og hafa lesturinn eins fjölbreyttan og hægt er. Mikilvægt að virkja heimilin og samfélagið betur og gera lestrarstefnuna sýnilega. Fá sveitarfélagið í lið með okkur við að hvetja til lesturs, gera hann áhugaverðan og skapa jákvætt viðhorf til lesturs. Afar auðvelt er að tengja saman list- og sköpunargreinar, hreyfingu og tæknigreinar við grunngreinarnar. Vangaveltur um hvort lesskilningur sé almennt orðinn slakur því í raungreinum og náttúruvísindum þykja námsbækurnar oft leiðinlegar og torveldar í lestri.

9.1.3. Að námið byggi upp sterka sjálfsmynd nemenda og efla félagsfærni þeirra.

Í Hvolsskóla er unnið eftir Uppeldi til ábyrgðar og ART. Jafnt og þétt er þetta vinnulag að síast inn í skólastarfið og sífellt fleiri starfsmenn farnir að nýta sér þessi verkfæri. Þegar nemendur eru að vinna í litlum hópum, eins og t.d. í verkgreinum, gefst gott tækifæri til krefjandi umræðna sem leiða til gagnrýnnar hugsunar. Í öllu starfi er miðað að því að efla félagsfærni nemenda og nýtum okkur fagfólkið til þess. ART tímarnir eru sérlega vel fallnir til að ræða þessi mál og mikilvægt að allir bekkir fái slíka tíma og þeir verði ekki teknir undir kennslu í öðrum námsgreinum.

9.1.4. Að skólar sveitarfélagsins séu án aðgreiningar, styðji við öll börn og stuðli þannig að jöfnun tækifæra til framtíðar.

Skólinn býr yfir góðu starfsfólki en spurning um hvort fjölga þurfi sérkennurum. Með því myndi skapast meiri sveigjanleiki og fleiri úrlausnir fyrir nemendur með sérþarfir og þá ekki síst nemendur með hegðunarerfiðleika. Erum ágætlega búin stuðningsfulltrúum sem fylgja börnum með greiningar.

Umræður um námsverið og hvernig best sé að nýta það. Einnig rætt um að upplýsingamiðlun þurfi að vera skilvirk svo allir vinni að sama markmiði. Flestir umsjónarkennarar senda vikulegan póst til upplýsinga og þyrftu allir að taka þann háttinn upp og nýta tækifærið til að minna foreldra á að þeir beri líka ábyrgð á námi barna sinna og þá sérstaklega gagnvart lestri.

Skólaþjónustan veitir góða þjónustu en kennurum finnst oft vanta úrræði í kjölfar greininga. Skólafærninámskeið sem haldið er fyrir foreldra og verðandi fyrstu bekkinga þykir vel heppnað.

9.1.5. Að nám einkennist af þekkingaröflun, sköpun, verkþekkingu, samfélagstengingu, tjáningu og sjálfbærni.

Leitast er við að nýta tækifærin í umhverfinu til að gæða námið auknu lífi og gera það merkingarbært. Fjölbreytt verkefni eru sýnileg á veggjum skólans og kórinn er áberandi í samfélaginu við hin ýmsu tækifæri. Verið er að tengja hefðbundnar greinar við sérvalin verkefni eins og t.d. var unnið Lego verkefni í ritun o.fl. Bæta þyrfti aðbúnað og aðgengi nemenda að tölvum og tæknibúnaði en miðstig og elsta stig er að sameinast um tölvustofu þannig að ekki er um mikinn sveigjanleika að ræða. Einnig urðu umræður um að auka markvissa kennslu í upplýsinga- og tæknimennt en það ber á því meðal nemenda að í tölvutímum er mesta keppikeflið að fá að fara á leikjasíður og slíkt.

Áhugi er fyrir því að geta boðið upp á dans og leiklist í tímum. Einnig er möguleiki á að auka sköpun í kennslu hefðbundinna greina. Spannandi væri að fá fagaðila inn í skólann t.d. frá Sorpu og eins þá sem vinna með náttúruna. Fá foreldra til að koma í skólann með fræðslu um sína vinnu og fyrirtæki á svæðinu.

Þarf að fylgja því eftir að allir nemendur fái að tjá sig í skólanum og þá henta umsjónastundir vel.

9.2. Faglegt starf og innviðir skólanna

9.2.1. Að skólastarfið einkennist af áherslu á jafnrétti, virðingu og víðsýni.

Í skólanum er nemendalýðræði í gangi og er sífellt í aukningu. Uppeldi til ábyrgðar hvetur til uppbyggilegra samskipta og ættu allir bekkir að vera með tíma í töflu sem kallast „jafnrétti“ og þar væri hægt að fara í umræður og vinna verkefni því mikið er orðið til af skemmtilegu efni til að vinna eftir.

Viðbragðsáætlanir vegna eineltis eru mjög góðar og þeim er fylgt mjög vel eftir af eineltisteyminu og á það heiður skilinn fyrir sína vinnu.

9.2.2. Að skólafárið byggi á markvissri skólafróun. Skólafarir er metnaðarfullt, bæði í faglegu tilliti og varðandi mönnun og aðbúnað.

Segja má að skólafróunin felist aðallega í innleiðingu ART og Uppeldi til ábyrgðar. Stundum mætti vera meiri metnaður í starfsfólkinu og auka samstarf milli kennara og stiga. Fram kom hugmynd um að setja á skilafundi á námsefni milli stiga. Kallað eftir að setja samfellu í námsefnið sem notað er þannig að það taki yfir allan skólann. Prófað sé í sömu þáttum á hverri önn til að tryggja að verið sé að meta nemendur eins.

Vantar stuðning við ófaglært starfsfólk í skólanum en allir starfsmenn eiga rétt á námskeiðum í samráði við sína yfirmenn. Frábært hversu mörg námskeið og fyrirlestrar eiga sér stað í skólanum og eru ekki langir. Varðandi tækninýjungar er svigrúm til að sækja menntunina en svo vantar tækjabúnaðinn til að geta þjálfað færni áfram og nýta í kennslu.

Tímaskráningar á stofur þurfa að vera meira notaðar og eins að láta vita ef breytingar verða.

9.2.3. Að innra og ytra mat verði nýtt til markvissrar skólafróunar og byggi þannig undir bættan árangur nemenda og sterkt faglegt starf í skólum sveitarfélagsins.

Innra matið er kynnt og farið í umræður um hverju má breyta og hvað má bæta. Vinna sjálfsmatshópsins er af hinu góða og nauðsynleg. Varðandi ytra matið þá eru óljósar minningar frá fulltrúa frá Gallup fyrir mörgum árum síðan en ekki vitað hvað varð um þær upplýsingar. Niðurstöður samræmdra prófa eru skoðaðar og farið yfir hvað má betur fara og eins hvað er að koma vel út. Horft er til einstaklingsins í þeirri vinnu.

Gera þarf átak í að allir kennarar komi kennsluáætlunum sínum alltaf á ákveðinn stað þannig að aðgengi að þeim sé gott, sérstaklega þegar kemur til afleysinga.

Nýir nemendur þurfa gott utanumhald og spurning um hvort nógu góð yfirsýn sé yfir þessi mál. Skoða þarf með samskipti heim til nemenda af erlendum uppruna þannig að upplýsingar komi til skila.

9.2.4. Að aðbúnaður og starfsumhverfi sé gott bæði með þarfir barna og starfsfólks að leiðarljósi.

Vinnuástaða kennara er góð og gott aðgengi er að skóla- og sérfræðiþjónustu. Opnu kennslurými eru slæm og valda mikilli truflun í kennslu. Vantar rými fyrir minni hópa og hljóðvistin er ekki góð. Í því sambandi væri gott að fá mælingu á hávaða.

Tölvubúnað þyrfti að endurnýja og skoða hvernig hægt er að auka aðgengi nemenda að tölvustofu. Spjaldtölvur myndu nýtast vel á svæðinu og einnig væri gott að fá smarttöflu.

9.3. Skólarnir og nærsamfélagið

9.3.1. Að koma á aukinni samþættingu milli skólanna, heimila og annarrar starfsemi í samfélaginu.

Starfsfólk þekkir ekki til móttökuáætlunar sveitarfélagsins en telur að mikilvægt sé að hún sé til staðar og að hún sé virk. Með því verði tekin upp betri tengsl milli foreldra sem koma erlendis frá og íslenskra foreldra sem eru með börn á sama aldri. Það myndi auðvelda aðlögun að samfélaginu og eins þarf að þá í huga þegar verið er að koma upplýsingum heim og jafnvel að hafa upplýsingarnar einnig á ensku.

Stundum upplifa kennarar að foreldrar taki því sem neikvæðni ef haft er samband heim vegna erfiðleika í hegðun. Í sumum tilfellum hafa foreldrar brugðist neikvætt við ábendingum úr skólanum og hafa verið erfiðir í samskiptum.

Umræður urðu um heimanám og hvort sá möguleiki væri á að frá fyrsta til sjöunda bekk verði ekki annað heimanám en lestur, en þeir foreldrar sem vilja fá heimanám geta fengið það. Það er ekki síst tengt við börn sem eru í skólabíl því sum börn eru a.m.k. 45 mínútur í bílnum og heyrst hefur að sum hafi verið lengur í bílnum.

Farið er í söfn innan nærsamfélagsins en ekki er verið að fara í ferðir með börn á söfn utan þess. Foreldrafélagið býður upp á leikhúsferðir flest skólaár. Hugmynd kom um að farið yrði í menningaferð a.m.k. einu sinni á hverju stigi. Þá mætti t.d. fara í; Þjóðleikhúsið, Listasafn Íslands og fleira.

Samfellan er unnin í samstarfi við íþróttafulltrúa en umræður urðu um hvers vegna samfellunni lýkur viku á undan skóla.

9.3.2. Að tryggja gott samstarf innan skóla í nærsamfélaginu.

Almennt telur starfsfólk að gott samstarf sé innan skóla í nærsamfélaginu. Það er farið í heimsóknir á milli framhaldsskólanna á Selfossi og Laugarvatni og samstarf við leikskólann í föstum skorðum. Gott samstarf er milli yngsta stigs og tónlistarskólans en það vill bera við að tónlistarkennarar komi og sæki nemendur í almenna kennslu til að bæta þeim upp tíma sem hafði fallið niður í vikunni áður og er það ekki alltaf gert í samráði við bekkjarkennara.

Það eru oft aukaæfingar vegna æfinga kórsins og er mikilvægt að rætt sé við þá kennara sem eru með börnin þann tíma, ekki bara við umsjónarkennara. Þarna kæmi upplýsingatafla á stiginu sér vel en einnig má nota töfluna á kaffistofunni.

Leggja þarf áherslu á að samræma skóladagatal tónlista-, grunn- og leikskóla.

9.3.3. Að skólastarf í sveitarfélaginu stuðli að andlegri og líkamlegri heilsueflingu.

Innleiðing stefnunnar Heilsueflandi skóli er liður í að skýra línur í markvissri heilsueflingu. Þessi stefna er í mótun og munum við taka hana inn á áföngum. Mikilvægt er að nemendur fái nógan mat, fjölbreyttan og eldaðan frá grunni. Rætt um að nemendur bæði á mið- og elsta stigi skammti sér sjálfir á diskana. Gæta að skammtastærðum, allir eiga að geta fengið nóg en ekki á að leyfa óhóflegt át á ákveðnum fæðutegundum. Hugmynd kom fram um að hverju stigi sé ætlað ákveðið magn þannig að þeir sem komi síðastir (elsta stigið) fái einnig nóg

Mikil ánægja var með innleiðingu salatbarsins í mötuneytinu og að grænmeti sé daglega í boði og að tegundir séu aðskildar en ekki blandað saman í skál. Hafragrauturinn í frímínútum á morgnana er jákvætt framtak og eins aðgengi nemenda að ávöxtum.

Íþrótt- og tómsundastarf er öflugt í sveitafélaginu og samfellan yfirleitt vel nýtt. Nemendur í 7. bekk fara í gönguferðir í kringum skólalóðina í frímínútum. Hugmyndir komu fram um að nemendur myndu sjá um að skipuleggja leiki í frímínútum og fá alla til að vera virkir og taka þátt. Einnig væri hægt að láta sérstakan bekk út í frímínútum og á hann geta sest börn sem vilja komast í leik. Skerpa þarf á forvarnaáætlun skólans og gera hana sýnilegri.

9.4. Grenndar- og umhverfiskennsluskóli?

Jökulmælingarnar, vistverndarverkefnið og Tunguskógsverkefnið hafa fengið mikla og verðskuldaða athygli út á við. Einnig erum við með Grænfánann, útikennslu á yngsta stigi og erum að taka upp heilsueflandi skólustefnu. Segja má að með þessum verkefnum séum við að skapa okkur nokkra sérstöðu sem skóli sem hefur góð tengsl við grenndarsamfélagið og náttúruna.

Það mætti auka upplýsingastreymi til starfsmanna varðandi þessi verkefni og það væri gott að þeir sem koma að þeim hverju sinni kæmi inn í bekk og kynntu það sem verið er að vinna að og rannsaka. Einnig ættu fulltrúar í umhverfisnefnd að fá tækifæri til að kynna niðurstöður fundanna í sínum bekkjum. Öll þessi verkefni krefjast samvinnu og mikils upplýsingaflæðis og fullorðnir eru fyrirmynd barnanna þannig að einfaldast er að þeir taki þátt og sýni áhuga og vona að það smitist yfir til nemenda. Hafa umræðuna um umhverfismál og sjálfbærni lifandi innan skólans og skilgreina hvað felst í þessum atriðum.

10. Úrbótaáætlun

Innra mat felst ekki einungis í að afla gagna heldur á matið að leiða til umbóta á skólastarfinu. Niðurstöðurnar þurfa því að liggja til grundvallar þegar umbætur eru skilgreindar og

skipulagðar í umbótaáætlun. Í umbótaáætlun kemur fram hvaða þættir þarfnast umbóta, til hvaða aðgerða á að grípa, hverjir eru ábyrgir fyrir framkvæmdinni, hvenær hún kemst í framkvæmd og hvenær á að meta árangur.

Í þessari skýrslu koma fram niðurstöður gagnaöflunar skólaársins 2015-2016 og eru tíundaðar bæði jákvæðar og neikvæðar niðurstöður. Á uppgjörsdögum kom fram sú hugmynd að starfsmenn skólans myndu taka þátt í að forgangsraða í úrbótaáætlun og voru tveir starfsmannafundir teknir í þá vinnu á haustdögum.

10.1 Úrbætur unnar á skólaárinu 2015-2016

Vinnufriður

Vinna áfram að breytingum á skólahúsnæði með það að markmiði að minnka hávaða vegna ytri aðstæðna. Sú vinna er á höndum skólastjórnenda og sveitarstjórnar og verður ráðist í þá vinnu í desember 2016.

Einnig þarf að vinna að því að byggja upp sjálfsaga meðal nemenda og verður sú vinna á höndum kennara, foreldra og nemenda.

Starfsánægja

Stöðugt er unnið að því að viðhalda góðum starfsanda og vinnugleði innan starfsmannahópsins. Með annars var farið í námsferð til Chicago s.l. vor ásamt öðrum viðburðum á skólaárinu. Hvílir sú ábyrgð á herðum allra starfsmanna að stuðla ávallt að góðum starfsanda.

ART

Haldið var áfram að innleiða ART og voru nýir starfsmenn sendir á námskeið haustið 2016.

Eineltismál

Eineltisteymið vann jafnt og þétt yfir veturinn og hefur það verið að skoða eineltismál frá stærra sjónarhorni þ.e.a.s. að skoða hegðun nemenda með tilliti til félagslegrar færni. Eineltisteymið hefur haldið erindi á starfsmannafundum.

Sérkennsla - námsver

Ekki náðist að ljúka stefnumörkun í sérkennslumálum og námsveri. Vinna áfram í vetur.

Mötuneyti

Starfsfólk mötuneytis fór á námskeið og í vettvangsferð í annan skóla til að sjá hvernig tilhögun var þar. Upp úr því var tekinn upp salatbar og vakti hann mikla lukku.

Agamál – agastjórnun

Farið var yfir gildandi reglur og vinnuferla með starfsfólki og unnið með hegðun og framkomu innan bekkja með nemendum. Halda þeirri vinnu áfram.

Félagsfærni og tilfinningalegur vandi nemenda

ARTið komið í alla bekki og á haustönn kom í skólann náms- og starfsráðgjafi sem hefur fastan viðverutíma í skólanum og fer einnig í bekki.

Viðhorf nemenda til náms

Nýr náms- og starfsráðgjafi er í samvinnu við kennara og foreldra að vinna að aukinni ábyrgð nemenda á námi sínu.

Upplýsingaflæði

Erindi kom frá öllum nefndum og ráðum innan skólans, ýmist á starfsmannafundum eða í starfsmannapósti þar sem tækifæri gafst til að miðla upplýsingum og ræða um áherslur.

Samstarf leik- og grunnskóla

Útbúið var fatahengi fyrir heimsóknir leikskólabarnanna. Gagnkvæmar heimsóknir liggja fyrir nú á haustönn en útaf stendur að ekki hefur verið haldinn sameiginlegur fundur milli kennara á báðum skólastigum. Sett í úrbótaáætlun næsta árs.

Hvolsskóli – framsækinn skóli

Á uppgjörsdögum var fjallað um hvað einkenni okkur sem skóla og hvar við séum að skapa okkur sérstöðu. Þar má m.a. nefna Grænfánaverkefnið, vistheimtarverkefnið og mælingarnar við Sólheimajökul. Ferð til Muskegon (USA) s.l. vor var farin m.a. til að renna frekari stoðum undir þau verkefni.

10.2 Úrbótaáætlun veturinn 2016-2017

Einelti

Þar sem virðist vera ósamræmi milli niðurstaðna í könnunum og tilkynninga til eineltisteymisins þarf að skýra línur og fara í skilgreininguna á því hvað einelti er. Setja formála í spurningar í kannanir þar sem spurt er út í einelti. Einnig að spyrja nemendur hvort þeir hafi kynnt sér eineltisáætlunina sbr. samskonar spurningu í foreldrakönnuninni. Vísað á sjálfsmatshóp.

Skoða samhengið milli þess prósentuhlutfalls sem hefur ekki kynnt sér eineltisáætlun og þeirra sem segja að um einelti sé að ræða. Vísað á sjálfsmatshóp og eineltisteymi.

Sjálfsmynd

Nemendur í Hvolsskóla hafa frekar litla trú á eigin getu í námi. Einstaklingsmiðun felst í því að námsefni og kennsluáðferðir eru miðaðar að því að hver og einn finni sig ráða við námið og sé með efni við hæfi. Gæta þess að farið sé gaumgæfilega yfir stöðu nemenda, umsjónarkennari/kennari í samstarfi við sérkennara og foreldra og gerð einstaklingsnámskrá. Einnig þarf að skapa nemendum þær aðstæður að þau þori og geti tjáð sig. Vísað á ábyrgð kennara.

Stríðni

Hvolsskóli hefur tekið inn ART-kennsluna og er æskilegt að þar sé unnið með þætti tengda stríðni o.þ.h. Vísað til ART-teymis skólans.

Stuðla að betri samskiptum milli nemenda t.d. í frímínútum og gera þau ábyrgari fyrir að allir sem vilja séu með sbr. vinaliðar. Vísað til skólastjórnenda.

Framkoma starfsfólks gagnvart nemendum

Nauðsynlegt fyrir hvern og einn að líta í eigin barm. Gagnkvæm virðing lærist ekki af kennslubókum og er nauðsynlegt að framkoma sé jákvæð í báðar áttir. Vísað til starfsfólks skólans.

Mötuneyti

Unnið er að breytingum með að gera skólann að heilsueflandi skóla. Það gengur því miður hægar en vonir stóðu til. Vísað til skólastjórnenda.

Útikennsla

Þarf að taka markvissara á leiðum og markmiðum fyrir útikennslu á öllum stigum. Gera samfellu í gegnum allan skólann. Vísað til skólastjórnenda.

Samstarf við leikskólann

Koma þarf á samráðsfundum milli yngsta stigs grunnskólans og elsta stigs leikskólans. Þar yrði farið yfir námsþætti með sérstöku tilliti til lestrarkennslu. Vísað til skólastjórnenda.

Samstarf við Skjólíð

Koma þarf á samráðsfundum milli yngsta stigs og Skjólísins. Þar yrði farið yfir samstarfið og miðlað upplýsingum. Vísað til skólastjórnenda.

Lestrarnám

Gera þarf áttak í lestrarmálum og vera með lestrarkennslu upp allan skólann. Fylgja eftir þeim sem eiga í erfiðleikum og vera í mikilli samvinnu við heimilin. Leitast við að bjóða alltaf upp á hraðlestrarnámskeið í vali á elsta stigi. Til er lestrarstefna fyrir yngsta og miðstig og gera þarf samskonar stefnu fyrir elsta stig. Vísað til skólastjórnenda.

Tæknibúnaður

Mikilvægt að endurnýja jafnt og þétt tölvubúnað skólans í samvinnu við tölvunefnd. Vísað til skólastjóra.

Forvarnaráætlun

Gera þarf forvarnaráætlun sýnilega á heimasíðu skólans. Vísað til skólastjóra.

Að lokum

Öllum skólum er hollt að fara í ítarlega sjálfsskoðun á sínu innra starfi. Með þeim hætti er hægt að meta hvað gengur vel og hvað það er sem þarf að bæta því öll viljum við gera góðan skóla enn betri. Skýrsluhöfundar telja sig hafa farið nokkuð vítt og breytt um allt skólastarfið á skólaárinu 2015–2016, kannað það frá ýmsum sjónarhornum og lagt fram áætlun til úrbóta. Einnig var gerð áætlun í sjálfsmati fyrir næsta skólaár, þ.e. 2016–2017.

Sjálfsmatshópnum telst til að flest allir þættir skólastarfsins séu metnir á eins til þriggja ára fresti, matið er kerfisbundið og samofið öllu skólastarfi. Matið byggir á upplýsingum sem eru fengnar hjá öllum þeim sem að skólastarfinu koma og er sett í farveg sem leiðir til umbóta í skólastarfinu.

Hvolsvelli í desember 2016.

f.h. Sjálfsmatshóps Hvolsskóla

Svava Björk Helgadóttir, formaður.